



Handbók Síamótsins

Fyrir foreldra, þjálfara og liðstjóra

#simamotid fyrir myndir

Facebooksíða mótsins:

<https://www.facebook.com/simamotid/>

Handbók Síamótsins 2019

Dagskrá Síamóts

FIMMTUDAGUR

17:00 – 21:00 Afhending mótsgjafa í Smáranum**

17:30 – 19:15 Kvöldmatur í Smáranum fyrir lið sem gista*

ATH. vegna Evrópuleiks Breiðabliks og Vaduz á Kópavogsvelli verður skróðganga og setningarhátíð Síamótsins 2019 haldin á föstudegi.

** Einungis hægt að sækja fyrir heilt félag í hverjum flokk en ekki einstök lið innan félaganna.

FÖSTUDAGUR

07:00 – 10:00 Morgunmatur fyrir lið sem gista*

08:30 – 17:30 Leikið í riðlum

17:30 – 19:15 Kvöldmatur í Smáranum fyrir lið sem gista*

19:30 Skróðganga leggur af stað frá Smárahvammsvelli að Kópavogsvelli.

20:00 Setning á Kópavogsvelli með **Frikka Dór**.

Landsliðskonur/stelpur Breiðabliks verða uppi í stúku og taka á móti keppendum. Hvetjum liðin til að koma með félagsfána í skróðgönguna.

LAUGARDAGUR

07:00 – 10:00 Morgunmatur fyrir lið sem gista*

08:30 – 17:30 Leikið í riðlum

17:30 – 19:15 Kvöldmatur í Smáranum fyrir lið sem gista*

Síminn býður upp á ýmsa afþreyingu á meðan móti stendur.

- **Símabíllinn:** Síamabíllinn verður á staðnum með ýmislegt glens og gaman fyrir þátttakendur og gesti.
- **Premier League lukkubolti** þar sem verður hægt að setja nafnið sitt pott til að eiga möguleika á stórglæsilegum vinningum frá Símanum, s.s. ferð fyrir fjölskylduna á leik í enska boltanum, Soundboks hátalara, sjónvarp, áskrift að enska boltanum frá Sjónvarpi Símans o.fl.
- **Tennishöllin** bak við Sporthúsið býður öllum keppendum að koma og prófa tennis. Flott afþreying á milli leikja.

17:00 – 18:30 Grillaðar pylsur fyrir keppendur og aðra mótsgesti við Smárann.

18:30 Skemmtun í Smáranum. Húsið opnar klukkan **18:00. AmabAdamA** og DJ. Háttvísisverðlaun KSÍ afhent einu liði í hverjum flokk sem þykir hafa sýnt fyrirmyndar framkomu innan- og utanvallar Aðalverðlaun afhent í spurningaleik Síamótsins.

SUNNUDAGUR

07:00 – 10:00 Morgunmatur fyrir lið sem gista*

08:00 – 15:00 Krossspil og úrslitaleikir/jafningjaleikir

(Verðlaunaafhending fer fram við vellina strax að leikjum loknum)

* hægt að kaupa staka máltíð á 1000 kr á staðnum með pening eða kaupa matarmiða í afgreiðslunni í Smáranum (þar er hægt að nota kort).

Handbók Símamótsins 2019

Mikilvæg símanúmer:

Mótsstjórn vakt	849-0782
Dómarastjórn vakt	849-0957
Sjúkravakt	843-9307
Smáraskóli vakt	848-9586
Salaskóli vakt	848-8864
Tjaldsvæði vakt	849-0487
Úrslitaskráning	848-8924

Smárinn íþróttahús	510-6400
Rútan (Ingi)	892-1985

Ef ykkur vantar upplýsingar um eitthvað á meðan á móti stendur þá endilega hafið samband við okkur í mótsstjórn.

Handbók Síamámótsins 2019

Reglur á Síamamóti

Farið er eftir sérreglum Síamámótsins og reglugerðum KSÍ um 5 og 7 manna bolta í öllum flokkum.

Helstu reglur:

- Í leikjum er aldrei skráður meiri markamunur en 3 mörk.
- Í riðlakeppni er stigakeppni. 3 stig eru gefin fyrir sigur og 1 fyrir jafntefli.
- Upphafsspyrna skal tekin á miðju og er heimilt að spyrna í hvaða átt sem er.
- Skipti á leikmönnum skulu fara fram ca. á miðjum vallarhelmingi og mega fara fram hvenær sem er í leiknum.
- Ef boltinn fer út fyrir hliðarlínu skal taka innkast.
- **Ekki** má skora beint úr innkasti án þess að einhver leikmaður komi við boltann.
- **Óheimilt** er að skora mark úr upphafsspyrnu og þegar miðja er tekin eftir að mark er skorað.
- Tekin er miðja eftir að mark er skorað.
- Þegar aukaspyrna er tekin þarf andstæðingurinn að vera í minnst 6 metra fjarlægð.
- **Sérregla fyrir 7.flokk: Eftir að boltinn hefur farið aftur fyrir endamörk eða þegar markmaður grípur bolta skulu mótherjar bakka aftur fyrir miðju þar til markvörður hefur komið boltanum í leik.**
- Dómarar geta vikið leikmanni af leikvelli fyrir grófan leik eða óíþróttamannslega framkomu. Ef leikmanni er vikið af leikvelli getur viðkomandi ekki tekið frekari þátt í leiknum en heimilt er að skipta öðrum leikmanni inn á í stað þess sem vikið hefur verið af leikvelli.

Markmaður

- 5.flokkur:
 - Reglur KSÍ fyrir 7 manna bolta gilda.
- 6. og 7. flokkur:
 - Markmanni er heimilt að grípa boltann eftir innkast frá samherja.
 - Markmanni er heimilt að handleika boltann eftir sendingu frá samherja.
 - Eftir að boltinn hefur farið aftur fyrir endamörk er markmanni bæði heimilt að kasta og sparka boltanum út. Kjósi markmaður að sparka boltanum út skal hann gera það af jörðinni, hvar sem er í vítateignum.

Hornspyrna

Hornspyrna tekin þar sem marklína og hliðarlína skerast í öllum flokkum.

Jöfn lið að stigum í riðlum

Ef lið eru jöfn að stigum í riðlakeppni á föstudegi og laugardegi skal eftirfarandi ráða úrslitum í þessari röð;

- Markamismunur
- Innbyrðis viðureignum
- Hlutkesti

Krossspil, bikarleikir og lokaleikir (jafningjaleikir)

- Í **krossspili** skal framlengja leikinn um 2x3 mínútur og síðan skal varpa hlutkesti.
- Í lokaleikjum merktir **Bikarleikir** skal framlengt um 2x3 mínútur. Sé enn jafnt að þeim tíma liðnum deila liðin með sér efsta sætinu og bæði lið fá bikar.
- Í öðrum **lokaleikjum** (jafningjaleikjum) er ekki framlengt. Ekki er varpað hlutkesti til að fá úrslit í lokaleikjum á sunnudegi. Jafntefli stendur og lið deila með sér efra sæti.

Hlutkesti

- Mótsstjórn varpar hlutkesti þegar það á við. Ekki er gert ráð fyrir að þjálfarar/staðgenglar félaga séu viðstaddir hlutkesti nema sérstaklega sé óskað eftir því við mótsstjórn.

Flokkur	Leiktími	Fjöldi leikmanna	Stærð bolta
7.flokkur	2 x 10 mín	5	3
6.flokkur	2 x 12 mín	5	3
5.flokkur	2 x 12 mín	7	4

Handbók Síamámótsins 2019

Almennar upplýsingar á meðan á móti stendur

Munum að hér eru börn að leik og enginn að spila úrslitaleik á HM. Foreldrar eiga að hvetja alla, vera jákvæðir og tala vel um dómarrann, andstæðinginn, þjálfara og samherja.

Ungir dómarrar eru að stíga sín fyrstu skref og þurfa að geta gert það án athugasemda frá hliðarlínunni. Leikmenn, þjálfarar og aðstandendur þurfa að virða ákvarðanir dómara.

LIÐSMYNDATAKA

- **LIÐSMYNDIR**, verða teknar föstudag og laugardag við stúkuna á aðalvelli Breiðabliks. Hvetjum við liðin til að koma sem fyrst í liðsmyndatöku. Liðsmyndirnar verður síðan hægt að nálgast FRÍTT í boði Símans á heimasíðu SportHero, www.sporthero.is sem og facebook síðu Símans.
- **MYNDIR ÚR LEIKJUM**, SportHero myndar stelpurnar á mótinu. Laugardag og sunnudag verður hægt að skoða myndirnar sem og kaupa ef það finnst eins og ein góð :-)

KEPPNISVELLIR

- Foreldrar stúlkna í 7. flokki sem keppa á Kópavogsvelli eru beðnir að virða afmarkanir á Kópavogsvelli og fara ekki inn fyrir þær.
- Á Blikavöllum og Fífuvöllum mega foreldrar vera á svæði kringum vellina en ekki á milli valla og alls ekki á svæði merktu „TIL UPPHITUNAR FYRIR LEIKMENN“
- Bara þjálfarar og varamenn mega vera á milli valla.

SUND

- Allar stelpur fá frítt í sund með því að framvísa þátttökubandi – bæði í Salalaug og Kópavogslaug í vesturbænum. Skv. reglugerðum þarf 1 fullorðinn á hver 2 börn, séu þau á 9. ári eða yngri. Annars 1 fullorðinn á 4-8 krakka, þ.e. ef börnin eru á 10. ári eða eldri.
- Frá Íþrótt- og tómstundaráði Kópavogsbæjar:
Við viljum að mótið verði frábær upplifun í alla staði fyrir keppendur og líka sundferðin og það þarf því að passa að það gerist ekki að átta 7 ára knattspyrnu snillingar komi í sund eftir frábæran dag á vellinum með einn fylgdarmann og allir sendir heim.

RÚTFERÐIR ÚR SALASKÓLA

- Reglulegar rútuferðir verða til og frá Salaskóla – liðstjórar liða í Salaskóla geta haft samband við Inga rútuþjóra (s. 892-1985) til að fá upplýsingar um ferðir.
- Rútan stoppar á strætóstöð við hlið Smáraskóla.
- Rútan er til að ferja lið til og frá Salaskóla en hún er ekki hugsuð sem sundrúta fyrir önnur lið. Liðin sem gista í Salaskóla eiga alltaf forgang í rútna.
- Einnig má benda á að leið 2 hjá Strætó gengur beint upp eftir frá Fífuhvammsveginum og stoppar rétt hjá sundlauginni og leið 28.

NESTISAÐSTAÐ, ÓSKILAMUNIR

- Hægt er að borða nesti á 2.hæð eða inni í stóra salnum í Smáranum.
- **BANNAÐ ER AÐ VERA Á TAKKASKÓM Á PARKETINU INNI Í SMÁRA – VINSAMLEGAST VIRÐIÐ ÞAÐ.**
- Allir óskilamunir fara allir í afgreiðslu í Smáranum.

Handbók Síamótsins 2019

SKÓLAR

- Skólarnir opna kl. 14 á fimmtudag. Búið er að raða félögum í stofur í skólanum.
- Ró á að vera komin í skóla kl. 22:00.
- Kæligámar eru fyrir utan báða skóla fyrir félögin að geyma mat.
- **BANNAÐ VERA MEÐ BOLTA INNI Í SKÓLANUM**
- Allir skór eiga að vera í skóhillum, mikilvægt að ganga vel um skólana og hlutina sem þar eru geymdir.
- Meðferð áfengis og tóbaks (líka wape) er stranglega bönnuð.
- Foreldrar eru beðnir um að skila stofunum snyrtilegum við brottför kl. 11 á sunnudegi (sópa og taka rusl). Hægt verður að geyma dót í miðrymi lengur eða fram að mótlokum.
- Umsjónarmaður skóla er Arna Sif (s. 698-8884). Næturvarsla er í báðum skólum.
- **VINSAMLEGAST ATHUGIÐ AÐ BÁÐIR SKÓLAR ERU HNETULAUSIR**

GETRAUNALEIKUR SÍAMÓTSINS

- Minnum liðin á að skila getraunaleiknum í mótstjórn fyrir kl. 17 á laugardag. Veglegir vinningar verða dregnir út og afhentir á kvöldvökunni.

TJALDSVÆÐI Á SÍAMÓTI

- Tjaldsvæði með vatnssalerni verður á grasinu vestan við Hafnarfjarðarveg (á Kópavogstúni) fyrir neðan Sunnuhlíð – ekið inn frá götunni Kópavogstún. Takmarkað rafmagn er á svæðinu.
- Gjald fyrir aðstöðuna alla helgina er 5.000 kr. á tjald fyrir utan rafmagn.
- Vinsamlegast virðið að rafmagn á svæðinu er takmarkað og því ekki innifalið í gjaldinu. Þar sem rafmagn er takmarkað þá er bannað að vera með hitablásara í gangi. Einnig er bannað að tengja fleiri tjöld/bíla/hjólhýsi inn á sömu greinina.
- Ró á að vera komin á tjaldsvæðið kl 24, þar sem það eru stelpur að gista þarna sem eru að keppa á mótinu

INNGANGUR TIL DÓMARA UNDIR STÚKU

Þessi inngangur er **EINGÖNGU** fyrir dómara, mótstjórn og þjálfara sem þurfa að stytta sér leið á milli vallarsvæða. Inngangurinn er **EKKI** fyrir mótsgesti eða lið til að stytta sér leið milli valla. Þessi aðstaða er mikilvæg fyrir dómaramál þar sem við erum með um 100 dómara í dómgæslu á hverjum degi og getum því ekki verið með stanslausa umferð þarna af fólki.

SJÓNVARP/SAMFÉLAGSMÍDLAR

Sjónvarp Símans sýnir beint frá mótinu. Efnið verður aðgengilegt í VOD-inu eftir mót.

BlikarTV

- Starfsmenn BlikarTV munu vera á vappi á mótinu. Efni sem tekið er upp verður síðan aðgengilegt á eftirfarandi stöðum:
 - Facebook síðunni <https://www.facebook.com/blikartv/>
 - Youtube rásinni:
<https://www.youtube.com/channel/UC6XFpkfcmAhocjGAsmarbbg>

Endilega fylgist með á facebook síðu mótsins: <https://www.facebook.com/simamotid/?fref=ts>

Instagram og facebook

Endilega notið #simamotid fyrir myndir á mótinu

Heimavöllur mætir á svæðið @heimavollurinn

<https://www.facebook.com/simamotid/>

Handbók Síamámótsins 2019

BÍLASTÆÐAMÁL

- Stæði eru á ýmsum stöðum við Smárann
 - Bakvið Smárann á malarstæði
 - Við Sporthúsið
 - Við Smárahvammsvöll austan við Sporthúsið
 - Við Smáralind (5 mín gangur)
 - Á Fifuhvammsvegi bak við Kópavogsvöll (hinum megin við lækinn)
 - Við Smárann eru nokkur bílastæði fyrir hreyfihamlaða – hafa þarf samband við bílastæðaverði við Smárann til að fá aðgang að þeim
- **Vinsamlegast virðið ábendingar starfsfólks á bílastæðavöktum – þau þurfa að halda akstursleiðum á stæðunum opnum – SÉRSTAKLEGA VEGNA AÐKOMU NEYÐARBÍLA.**
- **Bent er á að bæði Lögregla og Bílastæðasjóður Kópavogs hafa eftirlit á svæðinu og grípa til viðeigandi úrræða ef bílum er ólöglega lagt.**
- Bifreiðum sem lagt er utan merktra bílastæða eða þar sem bannað er að leggja fá á sig stöðubrotsgjald í samræmi við gjaldskrá Bílastæðasjóðs Kópavogs.
- Bifreiðum sem skapa hættu eða loka mikilvægum leiðum verða dregnir burtu eða sektaðir.

MÓTSKERFIÐ OG VERÐLAUN

Sjá má hvernig mótið raðast í riðla og styrkleika á heimasíðu mótsins undir flípanum „Síamámótskerfið“

5.flokkur: <http://breidablik.is/wp-content/uploads/2019/07/Siamamotskerfi-88-lid.pdf>

6.flokkur: <http://breidablik.is/wp-content/uploads/2019/07/Siamamotskerfi-144-lid.pdf>

7.flokkur: <http://breidablik.is/wp-content/uploads/2019/07/Siamamotskerfi-112-lid.pdf>

Á mótinu er spilað um marga bikara í hverjum flokki.

5.flokkur: 11 bikarar

6.flokkur: 18 bikarar

7.flokkur: 14 bikarar

Síamámótskerfið byggir á því að spilað er í 4 liða riðlum á föstudegi og raðast liðin inn í nýja 4 liða riðla á laugardegi út frá sæti í föstudagsriðli. Með þessu móti þá er minni hætta á að lið séu að spila við alltof sterka/veika andstæðinga allt mótið.

Á sunnudaginum þá eru lokaleikir spilaðir og skiptir þá máli sæti í laugardagsriðli. Ef lið enda í efstu tveimur sætunum þá spila þau um 1.-4. sæti viðkomandi bikars en ef þau enda í tveimur neðstu sætunum þá spila þau jafningjaleiki (5.-8.sæti).

MÓTSSVÆÐI OG VALLARPLAN

